



# VATNSNES

## Byggðasafn Suðurnesja

Vatnsnesveg 8, Keflavík, Sími 92-13155.

### Ársskýrsla 1996.

Mikið starf var að venju hjá Byggðasafni Suðurnesja á árinu 1996.

Safnið hefur verið opíð almenningi til sýnis alla sunnudaga frá kl. 13.30 til 17.00, undir leiðsögn Skúla Magnússonar, og að venju var það einnig haft opíð á 17. júní.

Samvinna við grunnskólann hefur verið samfleytt síðan 1986, og kemur allur 4. bekkur hans árlega til verkefnagerðar undir leiðsögn kennara sinna og forstöðumanns safnsins. Í þetta sinn var það dagana 16. til 19. apríl. Einnig hafa margir aðrir hópar komið bæði eldri fermingahópar og úr ýmsum skólam, frá Starfshópum og mikið af erlendum hópum. Safnið hefur einnig verið til sýnis virka daga hafi þess verið óskað.

Engar aukasýningar voru haldnar á árinu.

Auk hins venjulega reksturs, þ.e. að ganga frá munum, myndum og filmum til sýningar eða varanlegrar geymslu og skráningu þeirra.

Mikið hefur verið unnið við myndaskráningu í sérunnið myndaforrit á tölvu, og hafa verið skráðar með skýringum rúmlega 2.000 myndir auk annara margþættra starfa í þróngum og erfiðum húsakynnum.

Mikið af munum og myndum hefur borist til safnsins frá ýmsum aðilum eins og undanfarin ár. Margir hafa komið til safnsins, lánað því myndir úr eldri og yngri sögu bæjarins til eftirtöku. Filmur hafa verið teknar af þeim, sem bíða frekari úrlausnar síðar meir.

Talsvert magn bóka og skjala hafa borist til safnsins og eru varðveisitt í herbergi í bankahólfí Íslandsbanka í Keflavík. Þess má geta að geysilegt magn bóka og skjala er í misgóðum geymslum, bæði á bæjarskrifstofunum á Tjarnargötu, á Fitjum, og í vörlu sýslumanns, fyrir utan allt það sem er hjá einstaklingum í allavega geymslum og öryggi.

Þá er þess að geta, að á þessu ári var gengið frá leigusamningi á 268 m<sup>2</sup> geymsluhúsnæði fyrir væntanlega skjalageymslu Reykjanesbæjar í kjallara "Kjarna" að Hafnargötu 57 í Keflavík, í sama húsi og Bókasafn Reykjanesbæjar.

Keflavík 13. janúar 1997,

---

Guðleifur Sigurjónsson.  
forstöðumaður.